

## Halli á viðskiptajöfnuði var 1,2 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2020 – hrein staða við útlönd jákvæð um 969 ma.kr.

Á þriðja ársfjórðungi 2020 var 1,2 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd samanborið við 5,9 ma.kr. halla ársfjórðunginn á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 33,9 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 20,4 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 13,5 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 1,1 ma.kr. halla (sjá töflu 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2020 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>1</sup>

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2019/3</u>	<u>2019/4</u>	<u>2020/1</u>	<u>2020/2</u>	<u>2020/3</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>69,8</b>	<b>52,1</b>	<b>11,6</b>	<b>-5,9</b>	<b>-1,2</b>
Vöruskiptajöfnuður	-47,9	-17,1	-23,3	-19,5	-33,9
Þjónustujöfnuður	108,3	61,5	22,7	3,1	20,4
Jöfnuður					
frumþáttatekna	15,3	9,9	19,5	17,1	13,5
Rekstrarframlög, nettó	-5,8	-2,2	-7,3	-6,7	-1,1
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,6</b>	<b>-0,6</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,4</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>127,6</b>	<b>52,8</b>	<b>32,8</b>	<b>20,2</b>	<b>38,4</b>
Bein fjárfesting	12,8	36,1	27,7	23,2	8,6
Verðbréf	93,7	82,3	-22,9	-38,5	70,9
Afleiður	0,4	0,3	2,0	6,6	-2,1
Önnur fjárfesting	15,5	-71,4	13,3	-45,1	24,0
Gjaldeyrisforði	5,2	5,5	12,8	73,9	-63,0
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>58,2</b>	<b>1,3</b>	<b>21,7</b>	<b>26,6</b>	<b>40,0</b>

Viðskiptaafgangur var 71 ma.kr. minni en á sama ársfjórðungi árið 2019. Það skýrist aðallega af mun óhagstæðari þjónustuviðskiptum<sup>2</sup> um sem nemur 87,9 ma.kr. Munar þar mest um umtalsvert minna verðmæti

<sup>1</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

<sup>2</sup> [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

útfluttrar þjónustu eða sem nemur 133,5 ma.kr. Innflutt þjónusta minnkaði um 45,6 ma.kr. Vöruviðskipti voru hagstæðari um sem nemur 14 ma.kr. Það skýrist að mestu af 10,7 ma.kr. minni innflutningi en á sama tímabili á fyrra ári, en útflutningur var 3,3 ma.kr. meiri. Frumþáttatekjur voru 1,8 ma.kr. lakari og halli rekstrarframlaga minnkaði verulega eða um 4,7 ma.kr.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 969 ma.kr. eða 33,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 142 ma.kr. eða 5% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.522 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.552 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 39 ma.kr. á fjórðungnum en erlendar eignir minnkuðu um 132 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta og skuldir um 169 ma.kr. Virði eigna jókst nokkuð vegna gengis- og verðbreytinga á ársfjórðungnum eða um 188 ma.kr. en skuldir jukust heldur minna eða um 51 ma.kr. Í heildina leiddu gengis- og verðbreytingar til 137 ma.kr. hækkunar á hreinni erlendri stöðu þjóðarbúsins. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um rúm 7% en verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði lækkaði um 2,4%. Gengi krónunnar lækkaði um 3,1% miðað við gengisskráningarvog.

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**


	Staða í lok 2020/2	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2020/3
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>4.469</b>	<b>-132</b>	<b>188</b>	<b>-4</b>	<b>4.522</b>
Bein fjárfesting	923	-85	33	-3	868
Verðbréf	1.971	18	136	0	2.126
Afleiður*	14	-12	10	0	13
Önnur fjárfesting	551	10	12	0	573
Gjaldeyrisforði	1.009	-63	-3	0	943
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>3.643</b>	<b>-169</b>	<b>51</b>	<b>27</b>	<b>3.552</b>
Bein fjárfesting	1.227	-93	9	11	1.153
Verðbréf	1.554	-53	26	11	1.538
Afleiður*	12	-8	5	0	9
Önnur fjárfesting	851	-15	10	5	852
<b>Hrein staða þjóðarbúsins</b>	<b>826</b>	<b>39</b>	<b>137</b>	<b>-31</b>	<b>969</b>
<b>% af VLF</b>	<b>28,5%</b>	<b>1,3%</b>	<b>4,7%</b>	<b>-1,1%</b>	<b>33,5%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

## Endurskoðun hagtalnanna

Seðlabanki Íslands hefur endurskoðað ársfjórðungslegar hagtölur greiðslujafnaðar og erlendar stöðu þjóðarbúsins aftur til ársins 1995. Hér eftir verður meiriháttar endurskoðun (e. benchmark revision) framkvæmd á 5 ára fresti.

Áhrif endurskoðunarinnar á viðskiptajöfnuð eru sýnd á meðfylgjandi mynd. Breytingar á hagtölum vöru- og þjónustuviðskipta eru í samræmi við tölur sem Hagstofa Íslands birti í síðustu viku. Endurskoðun á aðferðafræði við útreikning á vaxtagjöldum af innlendum skuldabréfum í eigu erlendra aðila hefur mest áhrif árin 2008 og 2009 eða um 1,3% af VLF.<sup>3</sup> Vextir á skuldabréfunum eru reiknaðir fyrir hvert bréf fyrir sig sem leiðir til mun nákvæmari niðurstöðu en fyrri aðferð.



Aðrir þættir í þáttatekjum sem voru endurmetnir fyrir árin 2012 til 2020 eru; launatekjur Íslendinga frá erlendum launagreiðendum, vaxtatekjur af útlánum innlánsstofnana og annarra fjármálafyrirtækja og hlutur erlendra lífeyrisþega í tekjum af ávöxtun innlendra lífeyrissjóða. Áhrif þessa eru til hækkunar á viðskiptaafgangi en þó innan við milljarð á hverjum ársfjórðungi. Tekjur af rekstrarframlögum voru einnig endurmetnar lítillega aftur til ársins 2014. Stuðst er við betri upplýsingar um styrki frá erlendum aðilum til rannsókna og nýsköpunarstarfa innlendra fyrirtækja og stofnana.

Endurskoðun á erlendri stöðu þjóðarbúsins og fjármagnsjöfnuði nær aftur til ársins 1997. Fyrir árið 2008 lækkar hrein erlend staða lítilsháttar vegna uppfærðs mats á erlendri lífeyriseign innlendra aðila. Einnig jókst erlend verðbréfaeign við endurskoðun sem nemur 0,3 til 1,9% af VLF yfir tímabilið 2012 til 2015.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá upplýsingatækni og gagnasöfnun Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.

<sup>3</sup> Miðað við VLF á hverjum tíma.